Sveitaball

Texti: Ómar Ragnarsson

Lag: Daves (skráð þannig í heimild)

Sveitaball, já, ekkert jafnast á við sveitaball,
þar sem ægir saman alls kyns lýð
í erg og gríð að kela kátt hver á sinn hátt.
Þar eru ungmeyjar
og allt upp í uppskoprnaðar gamlar kerlingar.
Já, þar er úrval mest og menn sér skemmta best,
ef það er ekta sveitaball.

Sveitaball, það er í orðsins merking sveitaball.
Í hrundahamstri maður svitnar þar
og hitnar þar af átökum að reyna að ná tökum
á einhverri.
Með skörpum augum menn þar skima lon og don
í sveita andlits við að leita að andliti,
sem gefur góða von.

Sveitaball, öll kvennagullin elska sveitaball.
Því næði geft þeim til að gramsa þar
og kjamsa þar - á kjömmunum jafnvel á ömmunum.
Og öll þau ó-
hljóð úti á hlaði mynda hrærigrautarglaum
er breimkattarbrölt blandast við vélarskrölt,
rokklög og stapp og kjaftakraum.

Sveitaball, já, allir töffar elska sveitaball
Á bílum glanna þeir úr borginni
og bokkunni þeir hampa hátt. Sinn mikla mátt
þeir sýna meyjunnum
og slást og slarka og sláni margur síðast skreið.
Svo draujað dauðum heim svo dáldið sjatni í þeim
því annars yrði mamma reið -
og "karlinn" alveg "knall". Þá yrði engin leið -
að fá að skreppa á skrall á skæslegt sveitaball.

Höfundaskráning: https://static-media.guitarparty.com/pdf_songbooks/guitarparty-a4pg-1632-2788-642.pdf

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.